

ÆFINGABÚÐIR Á ESKIFIRÐI 2016



Æfingabúðir á Eskifirði 2-9. júlí 2016.

Dagskráin hefst sunnudaginn 3. júlí og æft verður alla daga fram á fimmtudag en á föstudag og laugardag verður æfingabúðamót. Nánari dagskrá er að finna hér á eftir. Áriðandi er að fólk skrái sig fyrir þriðjudagin 20. júní með því að senda póst á sjosportaust@gmail.com

Aðstaðan:

Siglingaaðstaðan á Eskifirði er fyrir framan bæjarfélagið og þar fyrir utan, allt eftir veðri og vindum. Gistaðstaða fyrir þátttakendur og aðstandendur þeirra verður í Grunnskóla Eskifjarðar. Þar verður aðstaða til morgunverðar og funda. Þeir sem eru í gistingu verða að koma með dýnur og annan viðlegubúnað sjálfir. Það er hægt að vera með tjaldvagna og hjólhýsi á bílaplani fyrir ofan grunnskólann en einnig er stutt í tjaldstæði. Mjög góð sundlaug er á staðnum og þátttakendur fá frítt í sund.



Grunnskóli Eskifjarðar

Dagskrá:

Laugardagurinn 2. júlí er komudagur á Eskifjörð og ekki er gert ráð fyrir að siglt verði þann dag.

Um kvöldið verður farið yfir uppbyggingu vikunnar í Grunnskólanum.

Annars verða dagarnir skipulagðir í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

08:00 - 09:00	Hjólatúr / útihlaup (frjálst)
09:00 - 09:30	Morgunmatur
09:30 - 10:30	Fundur um viðfangsefni dagsins í Grunnskólanum
10:30 - 11:00	Bátar gerðir sjóklárir
11:00 - 13:00	Æfingar á sjó
13:00 - 14:00	Hádegismatur með léttum fundi á eftir
14:00 - 15:30	Æfingar á sjó
15:30 - 16:00	Millimál / Kaffi

Miðvikudaginn 5. júlí verður siglt til kl. 13 og eftir það verður sund + óvænt + grillveisla.

Föstudaginn 8. júlí og laugardaginn 9. júlí verður siglingakeppni

08:00 - 09:00	Hjólatúr / útihlaup (frjálst)
09:00 - 09:45	Morgunmatur
09:45 - 10:00	Skipstjórafundur
11:00 -	Fyrsta viðvörunarflaut
13:00 - 14:00	Hádegismatur
14:00 -	Fyrsta viðvörunarflaut
	Millimál / kaffi þegar komið er í land

Eftir verðlaunaafhendingu verður boðið upp á grillveislu og geta aðstandendur keypt sig inn í hana gegn vægu gjaldi.

Frágangur og brottför er sunnudaginn 10. júlí en ekki verður boðið upp á mat eða kaffi þann dag.

Þjálfarar

Yfirþjálfari verður Tim Anderton en auk hans koma þjálfarar frá siglingafélögnum á landinu og sameina þeir krafta sína í að gera þessa viku einstaklega skemmtilega og eftirminnilega.

ÆFINGABÚÐIR Á ESKIFIRÐI 2016



Matarmál

Innifalið í þátttökugjaldinu er:

Morgunverður, brauð, álegg, morgunkorn ofl., er í Grunnskólanum.

Hádegisverður, t.d. súpa ofl. Millimál / kaffi, t.d. brauð og ávextir, er í félagsheimilinu.

Grillpartí er miðvikudaginn 5. júní og laugardaginn 9. júlí.

Verðskrá

Þátttakendur:

Gisting í grunnskóla	3.000
Matur, grill, þátttökugjald	<u>17.000</u>
Samtals:	20.000

Aðstandendur:

	Fullorðnir	Börn
Gisting í grunnskóla (m/morgunmat)	3.000	1.500
Grill 5. júní	2.000	1.000
Grill 9. júní (verðlaunaafhending)	<u>2.000</u>	<u>1.000</u>
Samtals:	7.000	3.500



sundlaugin

Skráning

Skráningin fer fram með því að senda póst á sjosportaust@gmail.com og skulu þátttakendur tilgreina hvort þeir séu í gistingu í skólanum eða ekki. Aðstandendur eru einnig beðnir um að skrá sig og láta vita hvað er valið.

Annað

Félögin eru beðin um að skaffa umsjónar- og ábyrgðarmenn þeirra þátttakenda sem gista í skólanum. Þeir ábyrgðaraðilar sem koma með þátttakendur geta átt vona á að fá einhver tilfallandi minniháttar störf sem fylgja æfingabúðum af þessu tagi. Nánari upplýsingar gefur Ingvar Björnsson í síma 843 8887

Afbreyting

Fjölmargt er í boði á Eskifirði og nágrenni fyrir foreldra og aðstandendur. Við hvetjum alla til að taka reiðhjólin með. Nánari uppl. www.VisitEskifjordur.is



Sjósetningaraðstaðan og félagsaðstaðan hægra megin



gönguleið frá félagsheimilinu að fjörunni